

Hreinsun andanefja

Tilgangur

Að lýsa hreinsun andanefja sem notaðar eru við sýnatökur frá leghálsi og kvenskoðanir.

Ábyrgð

Sýnatökuaðili ber ábyrgð á að andanefjur séu hreinsaðar á fullnægjandi hátt eftir notkun.

Yfirlæknir Samhæfingarstöðvar krabbameinsskimana (SKS) ber ábyrgð á að innleiða samþykkt verklag.

Efni og áhöld

- Ílát
- Ensímlausn, t.d. Endozyme Aw Triple Plus®
- Vatn
- Áhaldapvottavél eða uppþvottavél
- Autoklavi eða pokar til innþökkunar (ef senda þarf andanefjur annað til dauðhreinsunar)

Almennt um hreinsun áhalda

Spaulding-flokkun er hugmyndafræði sem byggir á að áhöld séu flokkuð eftir sýkingarhættunni sem stafar af notkun þeirra (Embætti landlæknis, 2020). Andanefjur sem notaðar eru við kvenskoðanir flokkast sem áhöld í meðaláhættu þar sem þær komast í snertingu við slímhúð. Þær þurfa því kröftuga sótthreinsun. Human papilloma virus (HPV) er eitt af því sem sótthreinsunaaðferðin þarf að vinna á. HPV er mjög harðgerð gagnvart vanalegum sótthreinsunaraðferðum s.s. hita og sótthreinsunarefnum. HPV þolir töluvert hitastig, þolir efni sem sótthreinsa með alkóhóli, própánóli og glútaraldehyði en drepst við hitastig $>100^{\circ}\text{C}$, persýruefni og klórefni.

Framkvæmd

Blöndun á lausn

Farið varlega í umgengni við lausnina og forðist að fá slettur á húð og í augu vegna hættu á ertingu.

Gott er að blanda lausn áður en sýnataka hefst og leggja andanefjur beint í lausnina að notkun lokinni.

Hér eru leiðbeiningar fyrir Endozyme®. Ef önnur ensímlausn er notuð, fylgið þá leiðbeiningum um blöndun og notkun. Sá tími sem áhöld þurfa að liggja í lausninni getur verið mismunandi.

- **Blandið 4 ml af Endozyme® lausn í 1 lítra af vatni.** Endozyme® er lágfreyðandi bakteríuhamlandi hreinsilögur sem inniheldur ensím. Lögurinn leysir upp blóð, slím, hægðir, þvag og magainnihald af málmum, plasti, gúmmi og taui á innan við tveimur mínútum.



Þrif á andanefjum

- Andanefja er lögð **varlega** í bleyti í ensímblönduna sem fyrst eftir notkun til að blóð og slím nái ekki að þorna á andanefjunum.
- Andanefjur eru látnar liggja í bleyti í 2-3 mínútur (mega liggja lengur).
- Andanefjur eru hafðar opnar og þess gætt að allur flötur þeirra komist í snertingu við blönduna. Allt áhaldið þarf að liggja í blöndunni.
- Andanefjur eru skolaðar vel með volgu vatni og tryggt að vessar og allt blóð sé farið af áður en áhöld eru sett í þvottavél.
- Þvo í áhaldapvottavél við 60-70° C. Þvo í uppþvottavél við 60-70° ef áhaldapvottavél er ekki til staðar.
- Dauðhreinsa í autoklava.
- Andanefjur þurfa ekki að vera í dauðhreinsuðum umbúðum.
- Ef senda þarf andanefjur til dauðhreinsunar getur verið nauðsynlegt að pakka þeim í sérstaka poka fyrir sendingu.

Heimild

Embætti landlæknis (2020). [Kröfur um sóttgreinsun og dauðgreinsun áhalda sem notuð eru í heilbrigðisþjónustu.](#)